



## Bæjarstjórn Blönduósbæjar

### 28. FUNDUR – 9. september 2008

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 28. fundar þriðjudaginn 9. september 2008 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Valgarður Hilmarsson setti fundinn og stjórnaði honum. Stefanía ritaði fundargerð. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Forseti bar undir fundarmenn að taka upp liðinn önnur mál og var það samþykkt.

#### Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
  - a. **Bæjarráð frá 20. ágúst 2008**
  - b. **Bæjarráð frá 3. september 2008**
  - c. **Fræðslunefnd 19. ágúst 2008**
  - d. **Landbúnaðarnefnd frá 20. ágúst 2008**
2. **Atvinnumál**
3. **Framkvæmdir á vegum bæjarins**

#### Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir**
  - a. **Bæjarráð frá 20. ágúst 2008**  
*Kynnt og borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7. atkvæðum.*
  - b. **Bæjarráð frá 3. september 2008.**  
*Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu.*

#### **Lögð var fram eftirfarandi ályktun:**

*Bæjarstjórn Blönduósbæjar lýsir yfir stuðningi við hugmyndir samgönguráðherra um hækkun lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga. Í því sambandi er nauðsynlegt að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði tryggðir fjármunir svo að hann geti stutt við sameiningu sveitarfélaga með sambærilegum hætti og gert var í síðasta sameiningarátaki sem lauk í ársbyrjun 2006.*

*Bæjarstjórn Blönduósbæjar leggur áherslu á að sérstakt aukaframlag ríkissjóðs 1.400 milljónir verði áfram greitt jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Aukaframlagið hefur á undanförunum árum leitt til þess að sveitarfélög utan vaxtarsvæða hafa verið gerð rekstrarhæf og framhald þess er nauðsynlegt til að þau geti framvegis gegnt skyldum sínum.*

*Ályktunin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7. atkvæðum.  
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7. atkvæðum.*

- c. **Fræðslunefnd frá 19. ágúst 2008.**  
*Fundargerðin kynnt og borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.*

- d. **Landbúnaðarnefnd frá 20. ágúst 2008.**  
*Fundargerðin kynnt. Fundargerðin ásamt ásamt fjárhagsáætlun v/2008 borin undir atkvæði og samþykkt með 7. atkvæðum samhljóða.*



**2. Atvinnumál.**

*Almennar umræður urðu um atvinnumál.*

**3. Framkvæmdir á vegum bæjarins.**

*Bæjarstjóri dreifði yfirlitsblaði yfir framkvæmdir bæjarins og fór yfir stöðu mála. Fram lagðar spurningar Valdimars Guðmannsonar um ákveðin atriði sem Arnar bæjarstjóri fór yfir og svaraði. Þó nokkrar umræður urðu um þessi mál.*

**4. Önnur mál.**

**Fundargerð Félagsheimilisins frá 3. september 2008.**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50

*Valgarður Hilmarsson (sign.)  
Héðinn Sigurðsson (sign.)  
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)  
Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Sigurlaug Markúsdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)  
Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Arnar Þór Sævarsson (sign.)*

*Stefanía A. Garðarsdóttir (sign.)*